

Stjórnarfundur FEB nr. 455

Stangarhyl 4, þriðjudaginn 12. janúar 2020 kl. 9:30

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Kári Jónasson, Sigurbjörg Gísladóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Viðar Eggertsson og Ólafur Örn Ingólfsson aðalmenn; og varamennirnir Finnur Birgisson og Sverrir Örn Kaaber.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi voru Róbert Þ. Bender aðalmaður og Haukur Arnþórsson varamaður.

Formaður setti fund og bar upp fundargerð síðasta fundar, sem var samþykkt.

Dagskrá:

1. Aðalfundur FEB

Í lögum FEB segir að aðalfund skuli halda í febrúar – mars. Erfitt er að ákveða dagsetningu núna vegna faraldursins. Ekkert í lögum FEB mælir gegn því að aðalfundur sé haldinn rafrænt, en aftur á móti gæti sú aðferð verið flókin í framkvæmd og einhver hópur félagsmanna ætti erfitt með að nýta sér tæknina. Æskilegt væri að halda fundinn ekki síðar en í marsmánuði vegna ákvörðunar sem þarf að taka um félagsgjöld á aðalfundinum og í framhaldi að senda út félagsskírteini. *Samþykkt að stefna á aðalfund fimmtudaginn 4. mars. Endanleg ákvörðun verði tekin á næsta stjórnarfund, 2. febrúar.*

2. Uppstillingarnefnd vegna aðalfundar

Samþykkt að biðja eftirfarandi félagsmenn að skipa nefndina: Brynjólf Helgason, Sjöfn Ingólfssdóttur og Gunnhildi Hrólfssdóttur. Ef eitthvert þeirra biðst undan þá Magnús Sædal.

3. Kjörstjórn vegna aðalfundar

Samþykkt að biðja sömu kjörstjórn og skipuð var fyrir síðasta aðalfund að sitja áfram: Þorbjörn Guðmundsson, Jóhönnu Ragnarsdóttur og Harald Finnsson.

4. Kjaramál

Finnur fór yfir stöðu mála sem væru á borði kjaranefndar FEB. Hann sagði sérstaklega frá vefnum tekjusagan.is þar sem má nýta ýmsar breytur til að sjá mismunandi samfélagshópa og tekjur þeirra. Vefurinn að mörgu leyti góður en stór ljóður væri þó að ekki er hægt að greina sérstaklega hvernig kjör þeirra eru sem eru 67 ára, þegar almennur eftirlaunaaldur hefst, heldur næst því, þeirra sem eru 66 ára og síðan 75 ára.

Formaður fór yfir þróun skerðinga á ellilífeyri TR, annarsvegar árið 2020 og síðan á nýhöfnu ári, 2021. Eru þær síst að minnka.

5. Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Formaður sagði frá störfunum í öldungaráði og kynnti tillögu sem hún bar upp á þeim vettvangi vegna aðalskipulags með tilliti til þarfa eldri borgara.

6. Heilsuefling Janusar

Kynning á heilsueflingu Janusar fyrir fólk sem er 65 ára og eldri. Formaður kynnti að hún myndi leggja til í öldungaráði Reykjavíkurborgar að farið yrði í víðtækt heilsuátak á vegum borgarinnar í anda þessarar heilsueflingar.

7. FEB ferðir

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir sem hún og ferðanefnd eru að vinna að. Vegna faraldursins er horft eingöngu til ferða innanlands og hugmyndir að bæði þekktum og vinsælum ferðum sem og nýjungum, til nýrra áfangastaða.

8. Félagstíðindi og Afsláttarbók

Framkvæmdastjóri sagði frá vinnu við útgáfu á næstu félagstíðindum sem ganga eftir áætlun. Afsláttarbókin er byrjuð í vinnslu og er stefnt að því að hún verði enn betur úr garði gerð en áður og með fleiri afsláttartilboðum.

9. Aðrar fréttir af skrifstofu FEB

Framkvæmdastjóri lýsti þeim verkefnum sem mæta þeim í samkomubanni og áskorunum sem þær þurfa að takast á við.

10. Afgreiðsla tillagna frá aðalfundi 16. júní 2020

- Grái herinn – tillaga frá Ernu Indriðadóttur
- Fulltrúaráð – tillaga frá Gísla Baldvinsyni

Samþykkt að fresta þessum dagskrárlið til næsta stjórnarfundar.

11. Bókun v. undanþágu á kaupum íbúðar að Skúlagötu 40

Eftirfarandi bókun samþykkt og sé hún vegna sérstakra aðstæðna og ekki fordæmisgefandi:

Þann 4. des. samþykkti stjórn FEB á milli stjórnarfundar að heimila sölu íbúðar við Skúlagötu 40 með undanþágu þar sem kaupandinn var þá 57 ára.

Þessi samþykkt byggði á þeim rökum að seljandi hafði reynt í marga mánuði að selja íbúðina án árangurs. Seljandi hafði á sama tíma tryggt sér aðra íbúð nálægt ættingjum með fyrirvara um sölu á íbúð sinni við Skúlagötu 40 og var komin í mikil vandræði sökum þessarar stöðu.

Eina tilboðið sem loks barst, var frá fyrrnefndum kaupanda sem gerði sér að fullu grein fyrir kvöðum hússins og staðfesti að enginn annar en hann myndi búa í íbúðinni. Fór hann í þá vinnu að upplýsa og fá samþykkt meira en 2/3 hluta annarra íbúa hússins á þessari undanþágu.

12. Önnur mál

Engin mál tekin fyrir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

*Inngifting og svunnið
Ólafur Ólafsson
Fótrifras*

*Viðar Eggertsson
Sverris Kaaber
Inngifting Óskarsdóttur
Hinnur Þingvísingur*